

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Kirkjustræti, 101 Reykjavík  
(sent með tölvupósti)

Reykjavík, 9. mars 2021

## **Efni: Umsögn Símans hf. um frumvarp til laga um Fjarskiptastofu, 506. mál.**

### I. Inngangur

Síminn hf. (hér eftir „Síminn“) vísar til erindis frá nefndasviði Alþingis, mótttekið þann 23. febrúar 2021, þar sem félaginu var sent til umsagnar frumvarp til laga um Fjarskiptastofu. Umsagnarfrestur var veittur til og með 9. mars 2021.

Síminn skilaði áður umsögn þegar drög að frumvarpinu voru birt í samráðsgátt stjórnvalda en með þessu erindi vill Síminn fjalla um frumvarpið með almennum hætti og skerpa á þeim atriðum sem félagið telur að þarfnist breytinga.

### II. Rekstrargjald

Í fyrri umsögn mótmælti Síminn sértaklega innheimtu rekstrargjalds, sem Fjarskiptastofa mun innheimta samkvæmt 21. gr. frumvarpsins. Í umsögninni var sérstaklega vísað til þess að samkvæmt fjármálaáætlun er ráðgert að umfang stofnunarinnar muni tvöfaldast á næstu þremur árum vegna aukinna verkefna á sviði netöryggismála. Af þeim sökum þótti Símanum óeðlilegt að fjarskiptafyrirtæki væru látin standa straum af starfsemi sem ætti frekar að falla undir almannavarnahlutverk ríkisins. Þessum vangaveltum Símans er svarað í 5. kafla greinagerðar frumvarpsins, en þar segir:

„Rétt þykir einnig að geta þess að nokkurs misskilnings virðist gæta í umsögn Símans varðandi rekstrargjald. Rekstrargjaldi er eftir sem áður ætlað að standa undir kostnaði við eftirlit með fjarskiptafyrirtækjum en ekki öðrum kostnaði stofnunarinnar, svo sem kostnaði sem stafar af verkefnum stofnunarinnar á sviði netöryggismála, enda er prósentutala rekstrargjalds óbreytt í frumvarpi þessu frá núgildandi lögum.“

Líkt og fram kemur í umsögn Sýnar hf. var rekstrargjald fjarskiptafyrirtækja hækkað úr 0.3% af bókfærðri veltu í 0.38% með lögum nr. 62/2012. Ástæða hækkunarinnar var byggð á tilkomu stofnunar öryggis- og viðbragðsteymis vegna netöryggismála. Síminn vill því ítreka og taka undir sjónarmið og þær kröfur sem Sýn lagði fram í umsögn sinni um þennan þátt rekstrargjaldsins. Síminn telur hins vegar einnig mikilvægt að umhverfis- og samgöngunefnd taki til skoðunar hvort það sé ekki rökrétt að lækka rekstrargjaldið enn frekar.

Í athugasemdum með frumvarpinu er víða fjallað um þær breytingar sem verða á eftirlitshlutverki Fjarskiptastofu, sbr. 2. og 3. gr. frumvarpsins. Hingað til hefur Síminn meðal annars velt því upp, í hvaða verkefni fjármunir rekstrargjaldsins séu raunverulega að renna til. Í þessu samhengi má vísa til þess að samkvæmt gildandi lögum felst meginverkefni Póst- og fjarskiptastofnunar (hér eftir „PFS“) í því að framkvæma lögbundnar markaðsgreiningar. Vinna markaðsgreininga er gríðarlega mikilvæg, þar sem henni er ætlað að skapa eðlilegt viðskiptaumhverfi á fjarskiptamarkaði. Ef

markaðsgreiningar eru ekki framkvæmdar innan skilgreindra tímamarka geta fyrirtæki sem sæta kvöðum á fjarskiptamarkaði orðið fyrir umtalsverðu tjóni.

Á síðustu árum hefur gríðarlegur dráttur orðið á vinnu markaðsgreininga hjá PFS og hefur stofnunin meðal annars fengið athugasemdir frá ESA vegna slíkra tafa. Það má færa sterk rök fyrir því að rekstrargjöld fjarskiptafyrirtækja feli í sér nokkurs konar þjónustugjald. Síminn getur hins vegar ekki séð að rekstrargjöld fjarskiptafyrirtækja hafi hingað til verið nýtt í þau verkefni sem ættu að vera í algjörum forgangi hjá fjarskiptaeftirliti og í hag þeirra fyrirtækja sem borga fyrir lögbundna þjónustu.

Samkvæmt frumvarpinu er ráðgert að hlutverk Fjarskiptastofu verði enn víðtækara en það er í dag. Síminn telur óljóst hvort Fjarskiptastofa muni nýta rekstrargjöld fjarskiptafyrirtækja til þeirra verkefna sem þurfa raunverulega að vera í forgangi, líkt og markaðsgreiningar. Af þeim sökum telur Síminn málefnalegt og eðlilegt að rekstargjaldið verði lækkað enn meira en í 0.3% af bókfærðri veltu.

### III. Verkefnaskipting eftirlitsstofnana

Síminn vill sérstaklega áréttta þau sjónarmið sem komu fram í fyrri umsögn sem snúa að mögulegri sameiningu eftirlitsstofnana. Í þessu samhengi vill Síminn einnig taka undir þau sjónarmið og forsendur sem koma fram í umsögn Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins.

### IV. Gagnaöflunarheimildir

Síminn vill áréttta mikilvægi þess að hinar víðtæku gagnaöflunarheimildir í 10. gr. frumvarpsins verði endurskoðaðar. Hjá Símanum fer dýrmætur og kostnaðarsamur tími í að koma gögnum til fjarskiptaftirlits sem Síminn telur að sé oft á tímum óþarft. Í augum Símans er óumdeilt að ákvæði 10. gr. frumvarpsins gangi mun lengra en þær kröfur sem settur eru fram í 22. gr. kóðans. Frumvarphöfundar vísa til þess að hér sé í raun ekki um breytingu að ræða frá 62. gr. a. fjarskiptalaga en Síminn telur að hér sé kjörið tækifæri til að draga úr þeim víðtæku gagnaöflunarheimildum sem Fjarskiptastofu er ætlað að njóta. Slík breyting myndi samræmast ákvæðum kóðans með mun betri hætti.

Telji umhverfis- og samgöngunefnd ekki tilefni til að takmarka fyrirhugaðar gagnaöflunarheimildir vill Síminn leggja til að gerðar verði breytingar á orðalagi 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins, en þar segir:

„Skýlt er að veita Fjarskiptastofu allar nauðsynlegar upplýsingar til skráningar í gagnagrunninn og gerð útbreiðsluspár á því formi sem stofnunin ákveður. Fjarskiptastofa getur sett reglur um samræmda skráningu upplýsinga af hálfu fjarskiptafyrirtækja og búið til sniðmát fyrir upplýsingasöfnun sem þau skulu nota.“

Í fyrsta lagi þá telur Síminn að ákvæðið sé bæði almennt og opið. Síminn leggur til að Fjarskiptastofa geti aðeins krafist upplýsinga sem muni nýtast Fjarskiptastofu í nánar útskýrðum tilgangi. Þá telur Síminn óeðlilegt að Fjarskiptastofa geti krafist upplýsinga við gerð útbreiðsluspár, þar sem stofnunin getur sjálf framkvæmt útbreiðsluspár með þeim upplýsingum sem stofnunin hefur um sendastaði og ætti því ekki að þurfa sömu gögn frá fjarskiptafélögunum. Þá telur Síminn einnig mikilvægt að haft verði samráð við fjarskiptafyrirtæki við setningu reglna um samræmda skráningu upplýsinga og útfærslu sniðmáts fyrir upplýsingasöfnun, svo upplýsingasöfnunin verði bæði skilvirk og gagnsæ.

### V. Gjald fyrir tíðninotkun

Í fyrri umsögn Símans voru ekki gerðar sérstakar athugasemdir við aðra gjaldtöku samkvæmt frumvarpinu. Síminn vill hins vegar nýta tækifærið nú og óska eftir því að gjald fyrir tíðnir á almennum farnetum verði lækkað. Í frumvarpinu er ekki um breytingu að ræða frá gildandi lögum en árgjöld Símans á almennum farnetum hafa hækkað hlutfallslega á síðustu 10 árum með tilliti til tekna félagsins af þjónustunni.


VI. Annað

Síminn vill að lokum gera athugasemd við ákvæði 4. gr. frumvarpsins. Samkvæmt ákvæðinu getur sami maður verið skipaður forstjóri Fjarskiptastofu um ókomna tíð. Þess ber að geta að núverandi forstjóri PFS hefur gegnt stöðunni í tæplega tvo áratugi. Síminn telur eðlilegt að skipunartími forstjóra Fjarskiptastofu verði bundinn frekari takmörkunum. Í þessu samhengi má vísa til þeirra breytinga sem gerðar voru á samkeppnislögum árið 2020, sbr. lög nr. 103/2020. Sú breyting varð á 6. gr. samkeppnislaga að nú getur forstjóri Samkeppniseftirlitsins aðeins verið skipaður að hámarki til 10 ára. Síminn telur að sömu viðmið ættu að eiga við hér og ætti því að gera breytingar á 4. gr. frumvarpsins til samræmis við framangreint, þannig að kveðið verði á um að einungis megi skipa sama einstakling sem forstjóra tvisvar sinnum í fimm ár í senn.

Síminn bindur vonir við að umhverfis- og samgöngunefnd taki framangreind atriði til skoðunar og verði við þeim breytingum sem óskað er eftir í erindi þessu.

Að öðru leyti vísast til fyrri umsagnar Símans sem send var í samráðsgátt, dags. 14. desember 2020.

Virðingarfyllst,  
f.h. Símans hf.



Eiríkur Hauksson, yfirlögfræðingur